

Vigfús Þór Hróbjartsson,
Fulltrúi skipulags- og byggingarmála í Víkur- og Skaftárhreppi
Klausturvegi 15
880 Kirkjubæjarklaustur



Reykjavík, 5. júlí 2013
Tilvísun: UST20130500185/ksj

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi urðunarsvæðis á Stjórnarsandi, Kirkjubæjarklaustri. Umsögn

Vísað er til erindis fulltrúa skipulags- og byggingarmála Víkur- og Skaftárhrepps er barst 7. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi urðunarsvæðis á Stjórnarsand, Skaftárhreppi.

Forsendur

Urðunarstaðurinn er 4,7 ha að stærð og er staðsettur á spildu úr landi Breiðabólstaðar sem er norðaustan við þéttbýlið að Kirkjubæjarklaustri og um 300 m norðan flugbrautar á Stjórnarsandi. Tillaga að breyttu deiliskipulagi felur í sér að á hluta urðunarsvæðisins sem nær yfir 0,7 ha er gert er ráð fyrir að í stað 52 tonna af ösku frá sorpbrennslu, er áætlað að urða 220 tonn af heimilissorpi.

Vatnafar

Í umfjöllun um vatnafar í breytingartillögunni kemur fram að ekki er talin hætta á því að sigvatn valdi mikilli mengun, og að nægjanlega stórir viðtakar til þynningar á sigvatni séu til staðar í nágrenni urðunarstaðarins. Einnig kemur fram að þar sem sigvatn safnast undan urðunarstað verður það leitt um hriplag í olíu-/fitugildru, setþró og malar- eða mósíu, siturlögn eða annan jafngildan búnað, og að grunnvatn á svæðinu verði vaktað með tveimur mæliholum sem eru við vestur og austur lóðamörk svæðisins.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við tillögu að breytingu á deiliskipulagi urðunarsvæðis á Stjórnarsandi.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Sigríður Kristjánsdóttir
Sigríður Kristjánsdóttir
Teymisstjóri

Skipulagsstofnun